

AUGLÝSING

fjármálaráðherra um álagningu opinberra gjalda á árinu 2010.

1. gr.

Ríkisskattstjóri skal eigi síðar en 28. júlí 2010 hafa lokið álagningu opinberra gjalda á menn. Álagningu lögaðila með sjálfstæða skattaðild skal vera lokið eigi síðar en 28. október 2010. Álagningu á lögaðila sem fengið hafa heimild til að hafa annað reikningsár til skattskila en almanaksárið skal lokið eigi síðar en sex mánuðum eftir að því reikningsári lýkur.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með heimild í 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 11. janúar 2010.

F. h. r.

Guðmundur Árnason.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.